



Alþingi
Erindi nr. P 141/1416
komudagur 8.2.2013

Til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011,
Þingskjal 563 – 449. Mál. Lagt fyrir Alþingi á 141. Löggjafarþingi 2012 – 2013.

Bæjarráð Dalvíkurbyggðar tók frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, heimild til rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár, til umfjöllunar á fundi sínum 7. febr. 2013. Ráðið hvetur til þess að þetta mál fái góða umfjöllun og afgreiðslu á þessu þingi.

Í X. kafla sveitarstjórnarlaga nr.138/2011, sem fjallar um samráð við íbúa, er m.a. gert ráð fyrir því að ef tiltekinn fjöldi íbúa kallar eftir íbúakosningu um tiltekið málefni skuli verða við því. Dalvíkurbyggð hefur þegar þurft að bregðast við slíkri beiðni án þess að unnt væri að viðhafa rafræna kosningu eða að viðeigandi reglugerðir væru komnar fram. Af fenginni reynslu teljum við mikilvægt að rafræn íbúakosning og gerð rafrænnar kjörskrár verði heimiluð því ætla má að íbúar vilji nýta sér ákvæði sveitarstjórnarlaganna um íbúakosningar og að eftir þeim verði kallað. Einnig að sveitarstjórnir vilji kanna vilja og viðhorf íbúa. Það er hinsvegar kostnaðarsamt að viðhafa kosningar með hefðbundnum hætti.

Í III kafla athugasemda við frv. segir m.a. : „Að öðru leyti gilda ákvæði 107. gr. sveitarstjórnarlaga um framkvæmd rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár. **Þannig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna** og atkvæðagreiðslan er ráðgefandi nema sveitarstjórn ákveði annað.“

Ástæða er til að gera athugasemd við þetta, þ.e. að einungis þeir sem eiga kosningarétt til sveitarstjórnar geti tekið þátt í íbúakosningu. Íbúasamsetning sveitarfélaga er mjög breytileg; víða býr fólk af ólíkum uppruna sem á ekki rétt á að kjósa til sveitarstjórna fyrr en eftir tiltekinn búsetutíma í sveitarfélaginu sbr. lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 en þar segir í II. kafla laga nr.5/1998 um kosningarrétt:

2. gr. Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu.

Nú eiga ákvæði [9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990](#), við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa glatað kosningarrétti þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir kjördag [og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld fyrir kjördag],¹⁾ enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Það er mikilvægt að sveitarfélög geti ákveðið hverjir eru á kjörskár við íbúakosningar og að sá möguleiki sé gefinn að allir íbúar, án tillits til ríkisfangs og lengdar búsetu í sveitarfélagi, hafi kosningarétt í íbúakosningum ef þær eiga að þjóna þeim tilgangi að gefa sveitarstjórn sem bestar upplýsingar um vilja



Íbúanna í tilteknum málum og um leið að virkja þá, líka íbúa af erlendum uppruna, til þátttöku um mál er varða þeirra nánasta umhverfi og aðstæður.

Fyrir hönd Dalvíkurbyggðar

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri